

42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
vesturumdæminu, um kostnaðinn við fjárverði við
Skoradalsvatn.

1864.
26. maí.

Með því ágreiningur hafði orðið milli stiptamtmannsins yfir Íslandi og yðar, herra amtmaður, útaf því, eptir hvaða innbyrðis hlutfalli öll þrjú ömtin á Íslandi ættu að bera kostnað þann, alls 1818 rd. 80 sk., er fjárverðir þeir höfðu í för með sér, er skipaðir voru við Skoradalsvatn árið 1861, skoraði stjórnarráðið á yður í bréfi 8. septemberm. f. á. að skýra frá, á hvaða ástæðum þér byggðuð það álit yðar, er þér höfðuð í ljósi látið, að jafna ætti kostnaði þessum niður á umdæmin eptir tölu lausafjárhundraðanna; hafið þér síðan í bréfi 15. d. febrúarm. þ. á. skýrt frá, að þér þegar hafið borgað uppí gjald þetta 358 rdl. 4 sk., en það fæ hafi fengizt með frjálsum tillögum amtsbúa, og farið þess jafnframt á leit, að vesturumdæmið verði undanþegið að borga meira en komið sé uppí fjárvarðakostnaðinn, en að öðru leyti hafið þér eigi svarað því, er stjórnarráðið spurði yður um.

Um leið og dómsmálastjórnin getur þess, að þarsem þér því til sönnunar, að þér hafið borgað 358 rdl. 4 sk. uppí gjöld þau, sem hér er um rætt, skýrskotið til eptirrits af bréfi til stiptamtmannsins yfir Íslandi, dags. 25. septemberm. 1862, er fylgði með bréfi yðar til stjórnarráðsins, þá sýnir eptirrit þetta, að þér í þessu skyni einungis hafið borgað 295 rdl. 56 sk., skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á í því efni, að þareð svo hefir áður verið um samið, eptir því sem bæði stiptamtmaðurinn og amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hafa frá skýrt og þér eigi borið móti í bréfi yðar, að hvert amt fyrir sig beri þriðjung af kostnaði þeim, sem hér er um rætt, en þetta er samkvæmt því, sem hingaðtil hefir tíðkazt um borgun kostnaðarins við fjárverði, þá eiga málalokin hér að verða samkvæm því, sem menn þannig hafa orðið ásáttir um, og ber því vesturumdæminu að greiða af kostnaði þessum alls 606 rd. 26 $\frac{2}{3}$ sk.,

1864. og þaræð aðeins er búð. að borga af þessu fé 295 rd. 66 sk.,
26. maí. ber að gjöra skil fyrir því, sem eptir er, svo fljótt, sem unnt er.

4. júní. **43. Opið bréf, um breyting á tilskipun 18. febrúar-
mánaðar 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.**

(Árið 1861 var borið undir álit alþingis frumvarp til opins bréfs um breytingu á tilskipun 18. febrúarm. 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi¹. Þetta frumvarp laut að því, að þegar fé ómyndugra og opinberra stofnana, er nemur frá 25 rd. til 100 rd., hefir ekki orðið komið á leigu hjá einstökum mönnum fyrir rentu þá, sem ákveðin er í greindri tilskipun, jafnvel þó það á löglegan hátt hafi verið haft á boðstólum, þá skuli leyft að slíkt fé sé ávaxtað á þann hátt, að annaðhvort séu fyrir það keypt arðberandi ríkisskuldabréf, eða að það sé lánað einstökum mönnum mót lögmatu veði, fyrir leigu, er sé að minnsta kosti 3 af hundraði. Þingið stakk nú uppá verulegri breyting við frumvarpið, reði það frá að kaupa ríkisskuldabréf fyrir fé ómyndugra og opinberra stofnana, en lagði það til, að fjárhaldsmönnum yrði leyft, þegar svo er ástætt, sem ráð er fyrir gjört í frumvarpinu, að lána fé ómyndugra, er eigi nemur 100 rd., móti nægu veði í fasteign eður lausu fé og þeirri leigu, er þeir á löglegan hátt hæsta geta fengið; þar að auki stakk þingið upp á, að hafa skyldi í sérstakri grein áþekka ákvörðun um fé opinberra stofnana. En með því ísjárvert þótti að fallast á þessar uppástungur alþingis, var í dómsmálastjórninni samið nýtt frumvarp og lagt fyrir alþingi árið 1863² eptir allrahæstu bði konungs, en það frumvarp er þannig hljóðandi: „Þegar fé ómyndugra hefir ekki orðið komið á leigu hjá einstökum mönnum fyrir þá leigu og móti því veði, sem ákveðið er í tilskipun 18. febrúarm. 1847, jafnvel þó það á löglegan hátt hafi verið haft á boðstólum, þá skal mega ávaxta það á þann hátt, að annaðhvort séu fyrir það keypt arðberandi ríkisskuldabréf, eða að það sé lánað einstökum mönnum mót lögmatu veði, fyrir leigu, er sé að minnsta kosti 3 af hundraði”

Í ástæðunum fyrir þessu síðastnefnda frumvarpi er talið óráðlegt að fallast á uppástungu alþingis um, að lána megi opinbert fé mót veði í lausafé, og er einkum tekið fram því til styrkingar: að lausafé ekki

¹) Sjá alþ. tíð. 1861, 500—503 og viðb. A. 140—141.

²) Sjá alþ. tíð. 1863. I, 57—61, og 475—481.